

Fundargerð stjórnar BÍS 17/2015. miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, tengiliður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Dagskrá:

- 1) Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
- 3) Fimm mínútur foringjans. HDS stýrði.
- 4) Yfirlit stjórnarmanna.

KÓ. Fyrstu drög að rekstrarsamningi við MMRN mun líta dagsins ljós á næstu dögum. Hefur átt í viðræðum við Endurvinnsluna um hagstæðari samning þar sem Endurvinnslan hefur tekið þá einhliða ákvörðun um að taka svokallað umsýslugjald af söfnunum skáta á skilagjaldsskyldum umbúðum. Þessi ákvörðun hefur gríðarleg áhrif á vinnustað Grænna skáta þar sem einstaklingar með takmarkaða starfsgetu munu missa vinnuna í kjölfarið. Reynt er að leita hagkvæmari leiða í rekstri.

HDS. Kynningarvikan er að hefjast. Veggspjöld og bæklingar, kynningarmyndband, blaðaauglýsingar og dreifingar á bækling á ákveðin hverfi prófuð. Samskiptaáætlun er á lokametrunum. Undirbúningur fyrir Bland í poka fram undan. Stefnt er að útgáfu á Skátablaðinu í nóvember.

BB. Þinglýsing á H123 er komin í gegn. BB, HS og framkvæmdastjóri WSM fóru á fund með framkvæmdastjóra Öskju með beiðni um stuðning við mótið. BP-fellowship leituðu til BB með fyrirspurn hvort Ísland gæti haldið *Honour Programme* viðburð haustið 2016. Þetta gæti verið fjáröflun fyrir BÍS þar sem hluti aðildargjalda nýrra meðlima myndu renna til *Solidarity fund WSM2017*. BB er að kynna sér málið betur. Mikil umræða hefur verið á Facebook um flóttamenn.

JPG. Eru að ræða starfsáætlun. Óskar eftir viðbrögðum stjórnarmanna vegna NSK fundarins. Fararhópur WSM er að fara byrja kynningar í skátafélögunum. Það eru að koma regluleg tækifæri í alþjóðamálum.

- 5) Meginviðfangsefni:

- a) Dagskráráð. UGS kynnti helstu verkefni dagskráráðs. Áherslur heimsóknar dagskráráðs er hluti af hvatakerfinu s.s. flokks-, sveitar- og útilífsmerki skáta. Jafnframt því sem staðan verður tekin á stöðu skátaaðferðarinnar í félaginu. Farið var yfir næstu skref varðandi dagskrárvefinn. Á næsta dagskráráðsfundi

er langur vinnufundur þar sem m.a. verður farið yfir umsóknir um Forsetamerki. Áframhaldandi vinna verður með rekkaskátagrunninn. Viðburðir framundan er *Skátapepp*, *Bland í poka* ofl. Það er verið að fínþússa dagskrá fyrir rekkaskáta í vetur.

- b) Fræðsluráð. ÓP fór yfir helstu verkefni fræðsluráðs. Sumar Gilwell gekk vel. Tólf þátttakendur tóku þátt og voru í tjaldbúðum allan tímann. Fyrirlestrar voru í KSÚ. Þessi viðburður er vonandi kominn til að vera. Lagður var fram listi yfir 15 hugsanleg Gilwell námskeið í skrefum í vetur, bæði grunnþjálfun og framhaldsþjálfun. Haldið er áfram að stækka Gilwell skólann og er fyrirhugaður fundur með mentorum í september. Námskráin hefur verið að próast og stefnt er að endurskoða hana aftur í haust.
- 6) Afgreiðslumál
 - a) Starfsyfirlit starfsmanna lagt fram.
 - b) Fundargerð Úlfjótsvatns lögð fram.
 - c) Úlfjótsvatn sf. Lögð var fram skipting á séreign á annars vegar Skógræktarfélagi Íslands og hinsvegar skátana. Samþykkt.
 - d) NSK. Gögn vegna vinnufundar NSK lögð fram til kynningar.
 - e) Þátttaka í viðburðum BÍS. Gögn lögð fram.
 - f) Ferðabeiðnir. Scout Academy í Porto, Portúgal. Samþykkt.
 - g) Trúnaðarmál.
- 7) Önnur mál:

Móttaka flóttamanna: Stjórn samþykkti eftirfarandi yfirlýsingu vegna vaxandi flóttamannastraums í Evrópu:

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hvarmar mjög stríðsátök í heiminum sem hafa valdið því að milljónir óbreyttra borgara hafa hrakist frá heimkynnum sínum. Hörmungar þessa fólks eru ólýsanlegar. Okkur hinum sem erum lánsamari ber skylda til að rétta þessum manneskjum hjálparhönd.

Í fyrstu grein skátalaganna segir að skáti er hjálpsamur. Í ljósi þess hvetur stjórn BÍS skáta og aðra Íslendinga til þess að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að leggja málefnum flóttamanna lið. Hér á landi er það Rauði kross Íslands sem er sá aðili sem annast hefur aðstoð við flóttafólk og því beinir stjórn BÍS því til skáta að bjóða Rauða krossinum þá liðveislu sem þeir geta veitt. Þannig telur stjórnin að kraftar skáta muni nýtast sem best í þágu flóttamanna, bæði þeirra sem hingað munu koma og þeirra er hljóta aðstoð annarsstaðar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:10.

Fundargerð ritaði HS.